

Til: Þormóður Sveinsson, skipulagsfulltrúi, Hafnarfjarðarbæ.

Frá: Þorbjörn Ingi Stefánsson, múrarameistari

Efni: Umsókn um stækkun á lóð við Hverfisgötu 49, Hfj. og byggingu nýs húss.

Ég undirritaður sæki hér með um stækkun á lóð við Hverfisgötu 49 yfir á aðliggjandi landspildu í eigu bæjarins (sjá meðfylgjandi teikningu). Hugmyndin er að byggja c.a. 120-140m² hús að grunnfleti með 3 hæðum. Í húsinu er áætlað að hafa 6-9 stúdíóíbúðir.

Hugmyndin er að byggja út í lóðamörk við Hverfisgötu 47, því gamla girðingin (sjá mynd) er komin að hruni og steypa þarf hvort sem er nýja (sem þá væri partur af húsinu). Eigendur að húsi # 47 eru meðvitaðir um þetta og hafa tekið jákvætt í þá hugmynd. Athugið að lóðin á Hverfisgötu 47 er c.a 1 hæð hærrí en lóðin á Hverfisgötu 49, þannig að 1.hæðin sést ekki frá þeirri lóð.

Skuggavarp

Áætluð hæðarlína nýja hússins yrði svipuð og hæð gamla hússins #49 og hliðin sem snýr að #47 verður c.a. 10m að lengd og 2 hæðir, séð þeim megin frá. Aftur á móti er bent á að nú þegar eru þykk tré jafn há þessu meðfram allri þessari hlið (sjá myndir), svo hvert „viðbótar“ skuggavarp yrði frá því sem nú er óverulegt. Að auki yrði ekki skuggavarp á #47 nema snemma að morgni, en enginn skuggi félli á húsið eftir um kl. 10:00 þar sem lóðirnar snúa í norður-suður eins og sést á lóðarblaði í viðhengi. Einnig er gert ráð fyrir að nýja húsið verði um 5 – 6 metra frá núverandi húsi í norður (inn í garðinn). Garðurinn á # 47 fengi áfram sól eins og nú er (ef eitthvað út af háum trjám) þar sem hádegissólin skín þá óbreytt frá núverandi ástandi.

Nýtingarhlutfall lóðar

Undirritaður óskar eftir því að ekki verði horft á nýtingarhlutfall lóðar í þessari umsókn þar sem bæjaryfirvöld sem og aðrir skipulags- og byggingarfulltrúar eru í auknum mæli farin að falla frá þeirri leið í þéttingu bæja. Sérstaklega þegar haft er í huga að þetta er í miðbænum.

Bílastæði

A.m.k. 14 bílastæði eru á svæðinu, en jafnframt er bent á að aðeins eitt annað hús er í botlanganum (efst) og er sjaldan meira en 3 bílar í enda hans. Auðveldlega má telja 14 bílastæði í kringum væntanlegt hús.

Byggingarstíll

Húsið verður steipt og múrað, í gömlum stíl og eftir fremsta megni reynt að láta húsið falla að umhverfinu og „gamla tímanum“ en með nútímalegum byggingaraðferðum.

Fordæmi

Víða í kring eru steipt hús, 3 hæðir (m hálfum kjallara) eða 3 fullum hæðum, minni görðum og sennilega hvergi jafn mörgum bílastæðum.

Vitinn

Á deiliblaði yfir lóðirnar sést gangstígur að vitanum á vitastíg. Hér er gert ráð fyrir að kvöð verði um slíka umferð. Eins og staðan er hinsvegar í dag er ekki hægt að ganga þennan stíg vegna mikils hæðarmismuns og innst í bollanum fyrir ofan 3m textann á lóðarblaðinu er klettur sem þyrfti að klífa til að komast að vitanum. Finna þyrfti aðra leið að vitanum, auðveldari fyrir almennan borgara.

Virðingarfyllst,

Þorbjörn I. Stefánsson, múrarmeistari.

Umsögn og aðstoð;

Einar Ólafsson, arkitekt FAÍ hjá Arkiteó ehf.